

Tillögur starfshóps til að styrkja og efla menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna með áherslu á neytendavernd, náttúruvernd og öryggi.

Efnisyfirlit

Samantekt	4
Inngangur	5
Tillögur.....	6
1. Grunnviðmið til menntunar í leiðsögn á Íslandi verði IST EN 15565:2008.....	6
<i>Tillaga: Kröfur samkvæmt IST EN 15565:2008</i>	7
Sjálfbærni og náttúruvernd	7
<i>Tillaga: Sjálfbærni og náttúruvernd.</i>	8
Öryggi	8
<i>Tillaga: Öryggi ferðamanna.</i>	9
Neytendavernd.....	9
<i>Tillaga: Neytendavernd.</i>	9
2. Staðfesting námsbrauta	10
<i>Tillaga: Staðfesting á námsbraut</i>	10
3. Námslok í ferðatengdum greinum með fagbréfi.....	10
<i>Tillaga: Staðfesting náms - fagbréf.</i>	10
<i>Tillaga: Rafrænt merki eða skírteini.</i>	10
<i>Tillaga: Sérhæfð leiðsögn</i>	10
4. Tungumálakunnátta	11
<i>Tillaga: Tungumál til leiðsagnar</i>	11
<i>Tillaga: Samskiptamál</i>	11
5. Endur- og símenntun leiðsögumanna	11
<i>Tillaga: Endur- og símenntun leiðsögumanna.</i>	11
<i>Tillaga: Leiðsögn fyrir hópa og einstaklinga með sérþarfir.</i>	12
6. Krafa til erlendra leiðsögumanna	12
<i>Tillaga: Erlendir leiðsögumenn</i>	12
7. Sérhæfð leiðsögn.....	12
<i>Tillaga: Staðfesting frá fagaðila</i>	12
<i>Tillaga: Aukin sérhæfing</i>	13
8. Raunfærnimat	13
<i>Tillaga: Raunfærnimat.</i>	13
9. Opinn listi yfir leiðsögumenn og þá menntun og reynslu sem þeir hafa	13
<i>Tillaga: Opin skrá yfir leiðsögumenn.</i>	14
10. Viðurkenning á skilgreiningum CEN á starfsheitum	14
<i>Tillaga: Starfsheiti leiðsögumanna, fararstjóra og hópstjóra.</i>	15
11. Eftirlit með faglegri menntun og hæfi til starfa.....	15

<i>Tillaga: Eftirlit með hæfi til starfa</i>	15
Viðaukar	17
1. Skipunarbréf	17
2. Viðmælandalisti	18
3. Dæmi erlendis frá	19
Skotland	19
Nýja Sjáland	21
Noregur	22
Austurríki	23
Danmörk	24
Samanburður á menntun leiðsögumanna í Evrópu	25
4. Ítarefni	28

Samantekt

Starfshópurinn kom fyrst saman 27. nóvember 2020 og fundaði alls 16 sinnum. Gestir starfshópsins voru 17 talsins og eru þeim færðar bestur þakkir fyrir þeirra innlegg, ábendingar og tillögur.

Meginniðurstöður hópsins eru að með því að lögfesta og innleiða staðalinn EN 15565:2008 sé hægt að uppfæra nám og þjálfun leiðsögumanna til þess að mæta kröfum yfirvalda um sjálfbærni og mæta væntingum ferðamanna. Staðallinn kveður á um lágmarksmenntun leiðsögumanna í Evrópu og getur, með leyfilegum og nauðsynlegum viðbótum er varða sérstöðu Íslands í þáttum tengdum náttúruvernd, sjálfbærni, öryggi og neytendavernd, myndað ramma um nám og þjálfun leiðsögumanna hérlendis.

Ennfremur telur hópurinn brýnt að gera kröfur til þeirra sem koma erlendis frá, og hafa hlotið sína menntun og þjálfun þar, um að þeir afli sér fræðslu með áherslu á þá þætti er varða sérstöðu Íslands tengdum náttúruvernd, sjálfbærni, öryggi og neytendavernd til dæmis með fjarnámi eða með rafrænum hætti. Með tilliti til sérstöðu tungumálsins þarf að gæta sérstaklega að tungumálafærni mæti viðmiðum evrópska staðalsins.

Í skýrslunni er farið yfir helstu ákvæði staðalsins og rök færð fyrir þeim viðbótum sem hópurinn telur nauðsynlegar. Þá eru settar fram tillögur um staðfestingu á námsbrautum og námslokum sem og fjallað um tækifæri þeirra sem hyggja á nám í leiðsögn til að fá þekkingu sína og hæfni metna með raunfærnimati áður en þeir hefja nám.

Starfshópurinn fjallaði um sérhæfða leiðsögn, viðurkenningu á því námi, þau námstækifæri sem þegar eru í boði og sérhæfingu sem ekki er kennd hér. Þá er kafli um endur – og símenntun leiðsögumanna og skráningu á menntun þeirra og sérhæfingu. Að lokum er tillaga um að eingöngu leiðsögumenn með viðurkennda menntun fái að starfa innan þjóðgarða og friðlýstra svæða.

Það er von starfshópsins að þær tillögur sem hér koma fram nýtist til að auka enn frekar gæði í íslenskri ferðaþjónustu, öryggi ferðamanna og upplifun. Það er ennfremur von starfshópsins að náttúruvernd, öryggi, sjálfbærni og neytendavernd verði í forgrunni í leiðsögunámi hér á landi. Öldu Þrastardóttur starfsmanni Ferðamálastofu og starfsmanni hópsins eru færðar bestu þakkir fyrir hennar framlag og vinnu fyrir hópinn.

Virðingarfyllst,

Elías Bj. Gíslason, formaður, tilnefndur af Ferðamálastofu
Sigrún Kristín Magnúsdóttir, tilnefnd af Hæfnisetri ferðaþjónustunnar
Jakob S. Jónsson, tilnefndur af Leiðsögn – stéttarfélagi leiðsögumanna
María Þ. Guðfinnsdóttir, tilnefnd af mennta og menningarmálaráðuneytinu
Arnar Már Ólafsson, tilnefndur af Samtökum ferðaþjónustunnar
Kristín Ósk Jónsdóttir, tilnefnd af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu

Inngangur

Á árunum fram að Covid-19 heimsfaraldri var ferðaþjónusta á Íslandi í mjög örur vexti. Landið hefur öðlast sess á alþjóðavettvangi sem land ævintýranna með fjölbreyttri náttúru og ósnortnum víðernum. Í framtíðarsýn og leiðarljósi stjórnvalda fyrir ferðaþjónustu á Íslandi til 2030 kemur fram að greinin eigi að vera leiðandi í sjálfbærri þróun og gæðum og á þann hátt stuðla að arðsemi og samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar. Lögð er áhersla á að þróun atvinnugreinarinnar byggji á reynslu, gögnum og rannsóknum og að niðurstöður verði nýttar við alla ákvarðanatöku.

Sjálfbærni felur í sér þrjár víddir; efnahagslega, samfélagslega og umhverfislega. Efnahagslega víddin varðar arðsemi, en þar skiptir aukin framleiðni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni megin máli. Hvað varðar samfélagslegu víddina er lögð áhersla á að þróun ferðaþjónustunnar verði í sátt við þjóðina. Sé litið til þriðju víddarinnar, þá umhverfislegu, er umgengni og verndun náttúrunnar, sem er megin aðdráttarflíð, aðal viðfangsefnið.

Meginmarkmið stefnunnar er að upplifun ferðamanna á Íslandi verði í samræmi við væntingar eða betri. Allir þættir eiga að spila saman til þess að veita ferðafólki einstaka upplifun af náttúru, menningu og afþreyingu. Til þess að tryggja að upplifunin verði framúrskarandi þarf þjónustan að einkennast af gæðum, öryggi og fagmennsku. Fjárfesting í hæfni starfsfólks er grundvallaratriði í sókn ferðaþjónustunnar til þess að auka gæði, framleiðni og verðmætasköpun.

Leiðsögumenn gegna lykilhlutverki í upplifun ferðamanna af landi og þjóð. Því skiptir menntun þeirra og þjálfun miklu. Í starfi sínu hafa þeir ekki einungis áhrif á upplifun og öryggi ferðamanna heldur einnig á jafnvægið á milli verndunar íslenskrar náttúru og hagnýtingar, þeir geta með framlagi sínu lagt sitt af mörkum í átt að sjálfbærri þróun atvinnugreinarinnar.

Í skipunarbréfi starfshóps um menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna á Íslandi kemur fram að hópnum er ætlað að skoða hvort og þá hvernig hægt er að styrkja og efla menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna með áherslu á neytendavernd, náttúruvernd og öryggi.

Starfshópurinn hefur kannað erlendar fyrirmyndir, s.s. frá Nýja-Sjálandi, Skotlandi, Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Austurríki. Hópurinn hefur jafnframt kynnt sér vel framboð náms í skólum og hjá öðrum fræðsluaðilum á Íslandi við mótun þeirra tillagna sem settar eru fram í þessari skýrslu. Starfshópurinn hefur borið menntunina saman við evrópskan staðal um leiðsögunám og komist að því að nám í almennri leiðsögn á Íslandi fellur að mestu leyti að staðlinum en nauðsynlegt er að uppfæra námsbrautir og námsbrautarlýsingar og gera viðauka vegna sérstöðu íslenskrar náttúru, veðurfars, aðstæðna og tungumálsins auk þeirra þátta sem áður er getið um þ.e. sjálfbærni, náttúruvernd, öryggi og neytendavernd og sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Árið 2008 tók gildi evrópskur staðall (EN 15565:2008) um lágmarksmenntun leiðsögumanna í Evrópu. Staðallinn var staðfestur sem íslenskur staðall, af Staðlaráði Íslands, það sama ár. Samkvæmt honum skal lágmarksmenntun leiðsögumanna í Evrópu vera 600 klst. en einstök lönd geta og gera meiri kröfur.

Íslensk náttúra er viðkvæm og ferðalög um hana geta falið í sér margvíslegar hættur. Því er brýnt að sjálfbærni verði leiðarstef í námi og þjálfun leiðsögumanna auk sérstakrar áherslu á náttúruvernd og öryggi.

Íslensk tunga er ólík öðrum Evrópumálum eins og ensku, frönsku, þýsku og spænsku og því óskiljanleg langflestum erlendum ferðamönnum. Því verður að gera kröfu um að þeir sem vilja leggja stund á leiðsögunám búi yfir viðunandi hæfni í að minnsta kosti einu erlendu tungumáli.

Starfshópurinn telur mikilvægt að í öllu ferðatengdu námi þ.m.t. námi í leiðsögn verði stuðst við siðareglur UNWTO þegar kemur að samskiptum heimamanna og gesta.

Tillögur

1. Grunnviðmið til menntunar í leiðsögn á Íslandi verði IST EN 15565:2008

Mikilvægi leiðsagnar fyrir ferðamenn er óumdeild. Leiðsögumaðurinn túlkar sögu, menningu, náttúru, lífshætti og áhugaverðar staðreyndir um viðkomandi land eða landssvæði. Leiðsögn er einnig mikilvægur liður í að tryggja öryggi og að koma skýrum skilaboðum um náttúruvernd og áherslur heimamanna um sjálfbærni til ferðamanna. Að grunni til er leiðsögn hér á landi sem og annarsstaðar í heiminum áþekkt, hvert og eitt land hefur þó sína sérstöðu sem þarf að taka tillit til. Meðal annars vegna þessa samdi Staðlaráð Evrópu CEN staðal um hvernig menntun leiðsögumanna skyldi háttað; CEN EN 15565:2008. Staðallinn var staðfestur hér á landi í ágúst árið 2008. Í staðlinum eru settar fram lágmarkskröfur um að námið sé 600 klukkustundir eða kennslustundir (TU) og skiptist í eftirfarandi flokka:

54 klst.	Almenn þekking um sögu, menningu og stjórnsmál umheimsins og Evrópu.
108 klst.	Leiðsögutækni.
18 klst.	Ferðþjónusta, viðskipti og færni.
162 klst.	Svæðisþekking–lands/héraðs/staðar.
18 klst.	Fagþekking og starfsumhverfi.
240 klst.	Verklegt nám.

Í staðlinum eru viðfangsefni hvers hluta skilgreind nánar og settar fram kröfur og tillögur um inntak einstakra námsþátta, um fræðilega þekkingu, framsetningu efnis, samskipti, hópstjórnun og verklega þjálfun.

Námið skal byggt þannig upp að nemendur öðlist hæfni til að:

- Kynna viðkomandi svæði (stað, bæ eða borg, landsvæði og/eða landið allt).
- Veita einstaklingum eða hópum gesta (þar með talið gesta með sérþarfir) leiðsögn um áhugaverða, náttúrulega og manngerða staði.
- Vinna úr upplýsingum þannig að réttar upplýsingar séu veittar.
- Túlka fyrir gestum menningarlegar og náttúrulegar minjar og umhverfi.
- Aðstoða gesti við að upplifa og skilja hvað þeir sjá og/eða heimsækja.
- Fræða gesti um mikilvæga þætti t.d. lífshætti, á viðkomandi svæði.
- Setja upp og/eða móta ferðir með leiðsögn á viðkomandi svæði.
- Nota viðeigandi tungumál.

Í náminu skal ennfremur lögð áhersla á að nemendur:

- Nái vel til áheyranda sinna.
- Geti komið til móts við áhugasvið og kröfur með réttu vali á upplýsingum.
- Geti miðlað viðeigandi upplýsingum á efnisríkan og upplýsandi hátt.

Þá skal námið byggt þannig upp að það efli þekkingu nemenda á:

- - Ferðþjónustu sem atvinnugrein og einkennum gesta á viðkomandi svæði.
- - Mikilvægum lögum og reglum, meðal annars um heilbrigði og öryggi.
- - Kröfum um gjöld, skatta og tryggingar.

- - Markaðsstarfi og rekstri í ferðaþjónustu.

Þá er tekið fram hvernig náminu megi haga, þ.e. með hefðbundnum kennslustundum eða fyrirlestrum, fjarnámi, starfsþjálfun, heimanámi og verkefnum.

Ljóst er að aðstæður hér á landi, t.d. viðkvæm náttúra og sérstök veðráttuskilyrði kalla á aðlögun Evrópustaðalsins, þótt meginefni hans geti staðið óbreytt að mestu. Þetta á einkum við um þætti er varða umhverfis- og náttúruvernd, sem er og á að vera einn af hornsteinum íslenskrar ferðaþjónustu, auk þátta er snúa að öryggismálum ferðamanna og starfsfólks í ferðaþjónustu. Þá er einnig mikilvægt að í íslenskum staðli um menntun leiðsögumanna sé að finna lágmarksviðmið um neytendavernd og gæðamál. Jafnframt er kominn tími til að sjálfbærni verði samþætt í öllu er vikur að menntun leiðsögumanna hér á landi, í samræmi við stefnu stjórnvalda um að íslensk ferðaþjónusta verði leiðandi í sjálfbærri þróun.

Tillaga starfshópsins

Tillaga: Kröfur samkvæmt IST EN 15565:2008 verði grunnviðmið til menntunar í almennri leiðsögn á Íslandi. Að auki skal bætt við þeim þáttum sem sýna áherslur íslenskra stjórnvalda í leiðarljósi íslenskrar ferðaþjónustu til ársins 2030 og starfshópnum var falið að skoða sérstaklega. Þessir þættir eru öryggi, sjálfbærni, náttúruvernd og neytendavernd og verður fjallað nánar um þá hér á eftir.

Lagt er til, að lágmarkstímafjöldi, til viðbótar þeim 600 klst. sem koma fram í staðlinum, verði ákveðinn þegar sérfræðingar á sviði sjálfbærni, náttúruverndar, öryggis og neytendaverndar hafa komið með tillögur að efnistöfum. Starfalyfing og hæfnikröfur leiðsögustarfsins skulu taka mið af þessu.

Starfshópurinn leggur til að nám í almennri leiðsögn verði á framhaldsskólastigi, en þó þannig að til að hefja námið hafi nemendur, að jafnaði, lokið stúdentsprófi eða sambærilegri menntun (3. þrep íslenska hæfnirammans) eða hafi haldgóða starfsreynslu í ferðaþjónustu.

Sjálfbærni og náttúruvernd

Framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu til ársins 2030 ber yfirskriftina Leiðandi í sjálfbærri þróun – arðsöm og samkeppnishæf ferðaþjónusta í sátt við land og þjóð. Sjálfbærni felur í sér þrjá meginþætti þ.e. efnahagslega, samfélagslega og náttúrulega. Til að tryggja sjálfbæra ferðaþjónustu til framtíðar þurfa allir þessir þættir að vinna saman.

Íslensk náttúra hefur oft verið kölluð fjöregg ferðaþjónustunnar. Hún er okkar helsta aðdráttarafli og ástand hennar hefur áhrif á upplifun þeirra ferðamanna sem hingað koma. Íslensk náttúra er ein af okkar dýrmætustu auðlindum sem mikilvægt er að hlúa að og ástandsmeta reglulega og vernda.

Leiðsögumenn gegna afar mikilvægu hlutverki í ferðaþjónustu. Hlutverk þeirra er margþætt, fjölbreytt og oft á tíðum flókið. Góður leiðsögumaður stuðlar að jákvæðri upplifun ferðamannsins sem varir ekki bara á meðan á ferð stendur heldur einnig til lengri tíma litið, sinni hann hlutverki sínu af fagmennsku og alúð. Góður leiðsögumaður er mikilvæg fyrirmynd, hann sýnir ábyrga ferðahegðun hvar og hvenær sem er og fer á undan með góðu fordæmi. Góður leiðsögumaður setur náttúruvernd í öndvegi í öllu sínu starfi og sýnir sjálfbærni í verki.

Grunnur þeirra sem hefja leiðsögunám er mismunandi m.a. hvað varðar reynslu, menntun og þekkingu og því er afar mikilvægt að gæta að samræmi og áherslum í námsbrautarlýsingum á milli skóla.

Evrópustaðall um menntun leiðsögumanna, ÍST EN 15565:2008, sem starfshópurinn leggur til að horft verði til við skipulag og inntak leiðsögunáms hér á landi, er hins vegar rýr hvað varðar sjálfbærni, náttúruvernd og öryggi. Þar þarf að bæta í. T.a.m. er mjög mikilvægt að leiðsögumaðurinn þekki lög um náttúruvernd 60/2013 en markmið þeirra er:

„..... að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum. Lögin miða jafnframt að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða. Lögin eiga að: a. stuðla að samskiptum manns og náttúru þannig að hvorki spillist líf eða land, loft eða lögur, b. auðvelda umgengni og kynni almennings af náttúru landsins og menningarminum sem henni tengjast og efla þekkingu og fræðslu um náttúruna, c. tryggja rétt almennings til að fara um landið og njóta náttúrunnar og stuðla þannig að almennri útivist í sátt við náttúruna, landsmönnum til heilsubótar og velsældar.

Nauðsynlegt er að í leiðsögunáminu sé farið yfir lögin á faglegan hátt. Mikilvægt er að leiðsögumaðurinn þekki markmið laganna, ákvæði um almennarétt, útivist og umgengni, friðlýst svæði, hlutverk mismunandi stofnana, umgjörð, o.fl.

Tillaga starfshópsins

Tillaga: Sjálfbærni og náttúruvernd. Sé tekið mið af leiðarljósi ferðaþjónustunnar og mikilvægi náttúruverndar og sjálfbærni fyrir íslenska ferðaþjónustu leggur starfshópurinn til að enn ríkari áhersla verði lögð á kennslu og miðlun efnis varðandi sjálfbærni og náttúruvernd í leiðsögunámi hér á landi en nú er gert. Leiðsögumaður ber mikla ábyrgð og því mikilvægt að ákveðinn grunnur sé til staðar og þekking á náttúruverndarlögum sem og færni og þekking í að lesa ástand landsins sem fara á um. Leiðsögumaður þarf t.a.m. að þekkja og geta útskýrt hugtök eins og sjálfbær þróun, samfélagsábyrgð, þolmörk, kolefnisspor og haglegi svo eitthvað sé nefnt, á því tungumáli sem hann veitir leiðsögn á, ásamt því að þekkja sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna. Ennfremur þarf leiðsögumaðurinn að þekkja áherslur stjórnvalda í sjálfbærni og náttúruvernd og Vakann, gæða- og umhverfissvottun íslenskrar ferðaþjónustu. Starfshópurinn leggur til að fengnir verði sérfræðingar á þessu sviði til að koma að gerð námsefnis varðandi þennan hluta.

Öryggi

Gæða, -umhverfis- og öryggismál eru lykilþættir þegar horft er til framtíðar í íslenskri ferðaþjónustu. Öryggi ferðamanna skiptir gríðarlega miklu máli þegar kemur að ímynd og upplifun þeirra sem sækja okkur heim. Mikilvægt er að horfa til sérstöðu Íslands og íslenskrar náttúru með tilliti til öryggis í ferðum og þeirra hætta sem leynast víða. Samvinna er einu sinni sem oftast lykilhugtak og aftur er hér hlutverk leiðsögunannsins mikilvægt. Til að tryggja öryggi ferðamanna sem best skiptir góð upplýsingagjöf höfuðmáli og þá er nauðsynlegt að leiðsögumaðurinn þekki ábyrgð sína, hlutverk og skyldur.

Við skoðun starfshópsins á þessum málaflokki í tengslum við almennt leiðsögunám á Íslandi, kom í ljós að markviss og formleg efnistöð þarf að bæta. Stórauka þarf áherslu og fræðslu hvað varðar öryggismál í núverandi námi. Leiðsögumaðurinn þarf hér, jafnt sem í öðrum málaflokkum, að hafa

hæfni til að miðla og fræða á faglegan hátt til að tryggja sem best upplifun og öryggi gestanna. Til að geta sem best leyst það hlutverk þarf hann sjálfur að hafa fengið fræðslu í náminu og þjálfun.

Hafa ber í huga að þróun snjalltækni er hröð og stöðugt þarf að uppfæra námsgögn og miðla nýjum möguleikum og tækni í leiðsögunáminu.

Eftirfarandi eru dæmi um efnistöð sem þarf að efla í almennu leiðsögunámi:

- Umfjöllun um veður og aðstæður á ferðamannastöðum
- Umfjöllun og gerð grunnáhættumats, umfjöllun um leiðarval
- Aðferðir við að veita upplýsingar á réttan og ábyrgan hátt
- Upplýsingar um klæðnað
- Fyrstu viðbrögð á slystað
- Almenn upplýsingagjöf
- Fyrsta hjálp
- Rýming ökutækja við slys og önnur verkleg þjálfun
- Hvar og hvernig á að sækja upplýsingar um svæði, leiðir o.fl.
- Þekking og nýting á stafrænni tækni s.s. Tetra og INN-Reach
- Þekking á öryggisáætlun viðkomandi ferðar sem og á öryggisáætlunum þess fyrirtækis sem hann starfar fyrir í hvert sinn
- Ökuleiðsögn; grunnkröfur, þjálfun og símenntun

Tillaga starfshópsins

Tillaga: Öryggi ferðamanna. Starfshópurinn leggur til að námsefni fyrir leiðsögumenn varðandi öryggismál verði unnið í samstarfi við lögregluna (Almannavarnir) og Landsbjörg (SafeTravel).

Neytendavernd

Ekki er auðvelt að segja til um að hverju leiðsögumenn eða ferðaþjónustuaðilar þurfa að gæta, eða hvaða skilyrði þarf að uppfylla þegar kemur að neytendavernd, því ákvæði um neytendavernd er víða að finna í íslenskum lögum. Þetta fer m.a. eftir því hverskonar ferðir er um að ræða, t.d. einfalda gönguferð í borg eða hættumeiri ferð í óbyggðum til fjalla eða jökla.

Sökum þess hversu flókinn þessi málaflokkur er telur starfshópurinn mikilvægt að sérfróður einstaklingur í lögum og neytendavernd verði fenginn til að fara yfir tillögur nefndarinnar í þessum efnum og til að liðsinna við gerð námsbrautar þar sem lögð verði áhersla á umgjörð neytendaverndar og stöðu, ábyrgð og skyldur leiðsögumanna. Mikilvægt er að horfa hér m.a. til siðareglna UNWTO og fræðslurits Vakans um mismunandi menningarheima.

Tillaga starfshópsins

Tillaga: Neytendavernd. Að fenginn verði sérfróður aðili á þessu sviði til að koma að gerð námsefnis varðandi þennan hluta. Tillögur starfshópsins eru að í það minnsta verði lögð áhersla á eftirfarandi þætti í námi leiðsögumanna er varðar neytendavernd:

- *Umgjörð neytendaverndar. Ýmis ákvæði almennra laga sem kveða á um rétt eða skyldur neytenda og eðli neytendaverndar t.d. umhverfislega, fjárhagslega og persónulega þætti.*
- *Stöðu leiðsögumanna. Staða leiðsögumanna gagnvart neytendum getur skipt máli, hvort um er að ræða sjálfstætt starfandi leiðsögumann; leiðsögumann sem er verktaki eða launþegi.*
- *Ábyrgð og skyldur leiðsögumanna og ferðamanna. Almenn ábyrgð, skaðabótaábyrgð og almenn lög þar að lútandi. Mikilvægt er að ferðamenn beri ábyrgð á sjálfum sér (eigin athöfnun og öryggi, hlíti fyrirmælum og reglum og geri sér grein fyrir aðstæðum hverju*

sinni). En ábyrgð leiðsögumannsins er eftir sem áður mjög mikil og því þarf að gera ríkari kröfur vegna menntunar og fagþekkingar sem seld er gegn gjaldi. Leiðsögumaðurinn hefur skyldur er varða t.d. framkvæmd ferðar, réttar leiðbeiningar, búnað og að tryggja öryggi og rétt viðbrögð í aðstæðum varðandi veðurfar, hættuástand, og/eða vegna tjóns.

2. Staðfesting námsbrauta

Allar nýjar námsbrautir með skilgreindum námslokum þurfa að fara í gegnum staðfestingarferli hjá Menntamálastofnun sem staðfestir að námið uppfylli kröfur á framhaldsskólastigi um skipulag, framsetningu hæfniviðmiða og námsmat. Menntamálastofnun tekur við umsóknum framhaldsskóla um staðfestingu námsbrauta á framhaldsskólastigi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla og gerir rökstudda tillögu að afgreiðslu til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Námsbrautir eru staðfestar af ráðherra og verða hluti af aðalnámskrá við auglýsingu í Stjórnartíðindum.

Tillaga starfshópsins

Tillaga: Staðfesting á námsbraut. Þeir framhaldsskólar sem bjóða upp á nám í leiðsögn á framhaldsskólastigi verða að fá staðfestingu á sinni námsbraut, frá mennta- og menningarmálaráðherra. Aðrir fræðsluaðilar sem bjóða upp á nám í leiðsögn skulu leita staðfestingar á sinni námsbraut og námsbrautarlýsingu hjá Leiðsögn, stéttarfélagi leiðsögumanna (t.d. fagráð Leiðsagnar) og Samtökum ferðaþjónustunnar. Námsbrautir og námsbrautarlýsingar skulu taka mið af Evrópustaðli og áherslum stjórnvalda. (Sjá tillögu 1).

3. Námslok í ferðatengdum greinum með fagbréfi

Mikilvægt er að allir þeir sem ljúka námi í ferðatengdum greinum frá fræðsluaðila, sem ekki hefur viðurkenningu sem framhaldsskóli, fái staðfestingu eða viðurkenningu að námi loknu. Starfshópurinn bendir á skýrsluna *Hæfni er grunnur að gæðum* og þá vinnu sem nú er í gangi undir forystu Framhaldsskóla Austur – Skaftfellssýslu um gerð heildstæðrar námsskrár í ferðatengdum greinum með námslokum á 2. og 3. hæfniprepi íslenska hæfnirammans. Starfshópurinn telur mjög mikilvægt að heiti staðfestingar við námslok (í tillögu starfshópsins nefnt fagbréf) taki mið og verði í samræmi við niðurstöðu vinnuhóps um gerð námsskrár í ferðatengdum greinum undir stjórn FAS. Vert er að benda á að fagbréf er ekki til í dag samkvæmt íslenskum lögum.

Tillögur starfshópsins

Tillaga: Staðfesting náms - fagbréf. Nemendur sem ljúka námi í leiðsögn (almennri og/eða sérhæfðri) útskrifast með staðfestingu á viðkomandi þrepi samkvæmt íslenska hæfniramma.

Tillaga: Rafrænt merki eða skírteini. Útskrifaðir leiðsögumenn eða þeir sem hafa fengið hæfni sína metna samkvæmt raunfærnimati skulu, auk fagbréfs, fá auðkenningu í formi t.d. rafræns merkis, skírteinis (e. badge) sem gefið er út af Leiðsögn - stéttarfélagi leiðsögumanna og Samtökum ferðaþjónustunnar.

Tillaga: Sérhæfð leiðsögn. Þeir leiðsögumenn sem útskrifast með sérhæfða leiðsögn t.d. gönguleiðsögn, hreindýraveiðileiðsögn, jöklaleiðsögn, fjallaleiðsögn eða svæðisbundna leiðsögn skulu fá sérstaka auðkenningu.

4. Tungumálakunnátta

Samkvæmt tölum Hagstofunnar um fjölda gistinguárið 2019 töldu gistinguárið Íslendinga rétt um 13% af heildarfjöldanum. Af þeim tölum má sjá að mikill meirihluti þeirra gesta sem er á ferð um landið hefur ekki íslensku að móðurmáli. Því er afar brýnt að skýr krafa sé sett fram um hæfni og kunnáttu leiðsögumanna hvað varðar tungumálakunnáttu. Þá er einnig mikilvægt að skilgreina lágmarkskröfu um samskiptamál milli leiðsögumanna og öryggis- og þjónustuaðila hér á landi.

Tillögur starfshópsins

Tillaga: Tungumál til leiðsagnar. Leiðsögumenn sem stunda leiðsögn hér á landi á öðru tungumáli en sínu móðurmáli þurfa að hafa kunnáttu á þrepi C1 samkvæmt evrópska viðmiðunarráttunum fyrir tungumálakunnáttu (CEFR) á því eða þeim tungumálum sem viðkomandi leiðsegir á.

Tillaga: Samskiptamál. Leiðsögumenn sem starfa hér á landi sem hvorki hafa íslensku né ensku að móðurmáli hafi grunnfærni þrep B2 samkvæmt CEFR staðlinum í öðru hvoru tungumálinu. Þannig sé hægt að tryggja að annað þessara tungumála sé samskiptamál milli leiðsögumanna og öryggis- og þjónustuaðila hér á landi.

5. Endur- og símenntun leiðsögumanna

Starfshópurinn bendir á nauðsyn þess að leiðsögumönnum sé búin endur- og símenntun við hæfi í samræmi við breytilegar aðstæður í ferðaþjónustu. Þær aðstæður geta varðað allt frá viðskiptaumhverfi yfir í náttúruvá af ýmsu tagi eins og nýleg dæmi hafa sýnt fram á – alheimsfaraldur og eldgos svo tvö dæmi séu nefnd. En auk þess þjónar endurmenntun þeim tilgangi að halda einstaklingnum síkvikum og lifandi í starfi, sem er ekki síst nauðsynlegt í ljósi þess að leiðsögumaðurinn á að vera hvort tveggja í senn, áhugaverður fræðari sem ávallt býr yfir nýjustu þekkingu (og fátt breytist örar í nútímasamfélagi en einmitt þekkingin!) og sem á einnig að geta haft ofan af fyrir gestum landsins með gleðina að vopni.

Starfshópurinn bendir á „skosku leiðina“ sem svo má kalla, sem nágrannar okkar í Skotlandi hafa farið. Skosku leiðsögumannasamtökin „The Scottish Tourist Guides Association“ hafa sem yfirlýst markmið, að vinna að markvissri endurmenntun meðlima sinna og hafa í því skyni skipulagt metnaðarfullt endurmenntunarprógramm sem er þrískipt: Í fyrsta lagi felur það í sér skyldubundna endurmenntun á sviði öryggis (t.d. fyrsta hjálp), í öðru lagi er um að ræða formlega fræðslu t.d. námskeið hjá viðurkenndum fræðsluaðilum og óformlega fyrirlestra eða námskeið hjá öðrum skólum eða fræðsluaðilum. Í þriðja lagi er svo um að ræða sjálfsnám t.d. lestur bóka eða annars efnis og/eða hvers konar áhorf eða hlustun (sjónvarpsþættir, kvikmyndir og hljóðvarpsþættir). Viðkomandi þarf síðan að gera grein fyrir sinni endurmenntun í samræmi við reglur endurmenntunarstjórnar samtakanna. Endurmenntunarprógramm skosku leiðsögumannasamtakanna felur í sér 40 klst. vinnu á ársgrundvelli samtals.

Tillögur starfshópsins

Tillaga: Endur- og símenntun leiðsögumanna. Starfshópurinn hvetur Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna og SAF í samvinnu við Ferðamálastofu að koma á fót hliðstæðu endur- og símenntunarprógrammi og samtök leiðsögumanna í Skotlandi eru að vinna eftir og setja því markmið og reglur. Þessu tengt leggur starfshópurinn til að Leiðsögn og SAF eigi samtal við þær menntastofnanir, sem bjóða upp á nám í leiðsögn, um framboð á námi til endur- og símenntunar.

Tillaga: Leiðsögn fyrir hópa og einstaklinga með sérþarfir. Starfshópurinn telur brýna nauðsyn á að innan endur- og símenntunarprógrammsins verði unnið að fræðslu leiðsögumanna í leiðsögn fyrir einstaklinga og hópa með sérþarfir sem búa t.a.m. við skerta hreyfigetu og/eða skynjun, sem og aðra sérstaklega skilgreinda hópa eins og t.d. skólabörn og aðra slíka hópa. Í þessu sambandi má benda á þjálfunarprógramm T-guide, sem er samstarf nokkurra samtaka sem hafa þróað slíkt prógramm með stuðningi Evrópusambandsins undir hatti The European Union's Lifelong Learning Programme „Leonardo da Vinci“. Þetta nám fer fram á Internetinu og leiðir til sérstakrar viðurkenningar.

6. Krafa til erlendra leiðsögumanna

Þegar litið er til hins svonefnda fjórfrelsis, þ.e. meginreglunnar um frjálst flæði vinnuafis innan Evrópusambandsins, EES-ríkjanna og Sviss, kemur í ljós ákveðinn vandi. Þótt leiðsögunám í langflestum, ef ekki öllum þessara landa fylgi staðlinum EN 15565:2008 – sem Ísland hefur viðurkennt sem ÍST EN 15565:2008 og sem vonandi senn mun verða tekinn í notkun – er ljóst að leiðsögn er eitt þeirra starfa þar sem greina má eðlismun þegar kemur að faglegri menntun og hæfi til starfa. Kemur þar einkum til sérstaða Íslands þegar um er að ræða náttúru, sögu og menningu – sem gildir auðvitað um öll lönd og allar þjóðir – en ekki síður þeim þáttum sem starfshópnum var sérstaklega gert að líta til og samræma þegar kemur að notkun staðalsins hér á landi. Þessir þættir hafa verið nefndir hér áður og eru öryggi, náttúruvernd, neytendavernd sem og sjálfbærni í samræmi við stefnu stjórnvalda.

Tillaga starfshópsins

Tillaga: Erlendir leiðsögumenn. Tillaga starfshópsins er að leiðsögumenn sem lokið hafa viðurkenndu leiðsögunámi erlendis taki námskeið um sérstöðu Íslands er varðar öryggi, náttúruvernd, neytendavernd og sjálfbærni. Námskeiðið fari fram með rafrænum hætti þannig að erlendir leiðsögumenn, sem hyggjast veita leiðsögn hérlendis, geti stundað námið annarsstaðar en hér á landi og að náminu ljúki með rafrænu prófi og opinberri staðfestingu á að viðkomandi hafi lokið þessu námskeiði. (Sjá tillögu nr. 3).

Nefndin leggur einnig til að einum af þeim skólum sem fengið hefur viðurkenningu frá opinberum fagaðila verði falið að koma með tillögur að námsefni og framkvæmd kennslunnar.

Krafa um tungumálakunnáttu í ensku eða íslensku samkvæmt tillögu nr. 4. Samskiptamál (CFER) verði B2.

7. Sérhæfð leiðsögn

Kröfur varðandi leiðsögn hafa tekið nokkrum breytingum í gegnum tíðina. Sérþekking og sérhæfing er orðin algengari nú en hún var hér áður fyrr. Sérþekkingin getur þá bæði verið innan ákveðinna svæða, staða eða við ákveðnar aðstæður. Dæmi um sérþekkingu í leiðsögn sem kennd hefur verið hér á landi er svæðis-, göngu-, jökla-, skíða-, veiði- og hreindýraveiðileiðsögn. Mikilvægt er að hér á landi eigi nemendur kost á því að sérhæfa sig í ýmsum tegundum leiðsagnar hjá viðurkenndum aðilum.

Tillögur starfshópsins

Tillaga: Staðfesting frá fagaðila verði skilyrði fyrir því að nám í sérhæfðri leiðsögn, sem í boði er utan formlega skólakerfisins, verði viðurkennt og námslok tengist við hæfniprep íslenska hæfnirammans t.d. hreindýraveiðileiðsögn haldin af Umhverfisstofnun og fjalla-, skíða- og jöklaleiðsögn á vegum AIMG (Félag fjallaleiðsögumanna á Íslandi) viðurkennd af t.d. Samtökum ferðaþjónustunnar og Leiðsögn – stéttarfélagi leiðsögumanna.

Þeir einstaklingar sem lokið hafa námi í sérhæfðri leiðsögn skulu fá staðfestingu/ viðurkenningu samkvæmt tillögu nr. 3.

Til að öðlast fullgild réttindi sem leiðsögumaður þurfa einstaklingar sem lokið hafa sérhæfðri leiðsögn annaðhvort að hafa lokið námi í almennri leiðsögn sem byggir á tillögu nr. 1 eða hafa farið í gegnum raunfærnimat. (Sjá tillögu nr. 8).

Tillaga: Aukin sérhæfing. Starfshópurinn leggur til að þær menntastofnanir sem kenna leiðsögn hér á landi skoði vel hvaða sérhæfing er í boði hér á landi og hvort einhverja tegund leiðsagnar vanti í þá flóru. Starfshópnum er ekki kunnugt um að hér sé í boði sérhæfð menntun í eftirfarandi leiðsögn: borgar- eða bæjarleiðsögn, safna- eða bókmenntaleiðsögn, ökuleiðsögn, vistfræðileiðsögn, leiðsögn í hestaferðum, leiðsögn í hvalaskoðun og leiðsögn í hellaskoðun svo nokkur dæmi séu nefnd.

Starfshópurinn bendir á að í Vakanum eru settar fram kröfur um menntun og þjálfun leiðsögumanna í hinum ýmsum tegundum afþreyingar í ferðaþjónustu.

Þá vill starfshópurinn hvetja Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna og SAF til að koma sér saman um verklagsreglur varðandi ökuleiðsögn og jafnvel efna til sérstakra námskeiða fyrir ökuleiðsögumenn, með tilliti til þeirra krafna sem sú tegund leiðsagnar gerir til fagmennsku í starfi og þá ekki síður með tilliti til öryggissjónarmiða.

8. Raunfærnimat

Raunfærni er samkvæmt skilgreiningu : „Samanlögð færni sem einstaklingur hefur náð með ýmsum hætti, s.s. starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, skólanámi, félagsstörfum, búsetu erlendis og fjölskyldulífi“. (Skilgreining fengin af vefsíðu Mímis).

Skilgreiningin á raunfærni sýnir því að nám fer ekki eingöngu fram innan formlega skólakerfisins, heldur við ýmsar aðstæður. Allt nám er verðmætt og brýnt að það sé skjalfest óháð því hvar þess hefur verið aflað.

Mat á raunfærni er ferli sem felur í sér mat á færni einstaklings samkvæmt fyrirfram ákveðnum viðmiðum eins og námsskrá eða hæfniviðmiðum tiltekins starfs. Matið getur leitt til styttingu náms, aðgengi í nám, undanþágu frá námsþáttum, eða nýs starfs. Meginþættir ferlisins eru greining/kortlagning, skráning, staðfesting, mat og viðurkenning. Raunfærnimat er framkvæmt af hverjum skóla/fræðsluaðila fyrir sig. Að loknu raunfærnimati og viðbótarnámi ef þörf er á, útskrifast nemandi sem leiðsögumaður.

Tillaga starfshópsins

Tillaga: Raunfærnimat. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi tækifæri til að fara í gegnum raunfærnimat til að fá reynslu sína og þekkingu metna og geti þar með stýtt nám sitt hjá viðkomandi skólastofnun.

9. Opinn listi yfir leiðsögumenn og þá menntun og reynslu sem þeir hafa

Starfshópurinn telur brýnt að ferðaskrifstofur bæði hér heima og erlendis hafi greiðan aðgang að upplýsingum um leiðsögumenn og hvaða faglegar forsendur gilda um framboð á leiðsögn hér á landi. Starfshópurinn telur æskilegt að hægt verði að leita í miðlægan gagnagrunn að faglegum upplýsingum um leiðsögumenn, þar sem m.a. kemur fram hvers konar leiðsögn þeir annast (almenna eða sérhæfða) og á hvaða tungumáli/um þeir veita leiðsögnina. Þá væri eðlilegt að þarna kæmi einnig

fram hver menntun þeirra væri og helstu atriði úr endur- og símenntunarferli. Þannig er betur hægt að tryggja fagmennsku og gæði þjónustunnar og greinarinnar í heild og betur hægt að koma til móts við væntingar þeirra sem sækja Ísland heim þannig að ferðin verði sem ánægjulegst.

Starfshópurinn velti fyrir sér ýmsum lausnum á hvernig best væri staðið að slíkri skráningu og komst að þeirri niðurstöðu að eðlilegast væri að tengja slíkan skráningargrunn við gagnagrunn ferðapjónustunnar, þótt sjálf skráin yrði hýst og unnin af Leiðsögn – stéttarfélagi leiðsögumanna og SAF í sameiningu. Þá væri hægt að gera skrána þannig úr garði að þeir leiðsögumenn sem óskuðu eftir því að vera skráðir í þennan gagnagrunn í samræmi við persónuverndarlög myndu annast umsýsluna sjálfir með aðgangsorði, sem yrði endurnýjað árlega í samræmi við skil á kröfum um endur- og/eða símenntun (sbr. tillögu 5).

Tillaga starfshópsins

Tillaga: Opin skrá yfir leiðsögumenn. Lagt er til að Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna og SAF sameinist um starfsreglur, verklag og skipulag á skráningu leiðsögumanna, námi þeirra og færni og að sú skrá verði birt m.a. á vefsíðu Ferðamálastofu, www.ferdamalastofa.is.

10. Viðurkenning á skilgreiningum CEN á starfsheitum

Að því er fram kemur í Evrópustaðli EN 13809:2003, greinum 2.3.5., 2.3.2. og 2.3.3. eru starfsheitin leiðsögumaður (e. tourist guide), fararstjóri (tour manager) og ferðaliði, sem hér á landi er yfirleitt nefndur hópstjóri (tour escort), skilgreind á eftirfarandi hátt:

- Leiðsögumaður er sá sem leiðsegir ferðamönnum á því tungumáli sem honum er falið og túlkar menningar- og náttúruminjar/arfleifð tiltekins svæðis. Viðkomandi leiðsögumaður hefur að jafnaði sérþekkingu á svæðinu og er hæfni hans viðurkennd af viðeigandi yfirvöldum.

(European standard EN13809:2003, 2.3.5:

tourist guide = person who guides visitors in the language of their choice and interprets the cultural and natural heritage of an area, which person normally possesses an area-specific qualification usually issued and/or recognised by the appropriate authority).

- Fararstjóri er sá sem hefur umsjón með og tryggir að dagskrá ferðarinnar standist og sé framkvæmd í samræmi við útgefna ferðaáætlun ferðaskrifstofunnar, ásamt því að veita hagnýtar upplýsingar.

(European standard EN13809:2003, 2.3.2:

tour manager = person who manages and supervises the itinerary on behalf of the tour operator, ensuring the program is carried out as described in the tour operator's literature and sold to the traveller/consumer and who gives local practical information).

- Hópstjóri er fulltrúi ferðaskrifstofu í ferð og veitir ferðamönnum hagnýta þjónustu.

(European standard EN13809:2003, 2.3.3:

tour escort = Representative of a tour operator providing basic assistance to travellers).

ATH:

Þegar um ræðir hópstjóra (e. tour escort) hefur það verið þýtt sem „fylgdarlið“ á íslensku í staðlinum. Eðlilegra hlýtur að teljast að notast við hugtakið „hópstjóri“ sem hefur áunnið sér traustan sess í íslensku máli, auk þess sem fleirtölumyndin í hugtakinu „fylgdarlið“ er villandi og gæti jafnvel verið þýðingarvilla.

Í kjarasamningum Leiðsagnar – stéttarfélags leiðsögumanna og SAF, sem undirritaðir voru sumarið 2019 eru hugtökin leiðsögumaður, fararstjóri og hópstjóri notuð og þar skýrð í samræmi við skilgreiningu EN13809:2003. Notast er við þá útgáfu hér.

Tillaga starfshópsins

Tillaga: Starfsheiti leiðsögumanna, fararstjóra og hópstjóra. Lagt er til að notast verði við hugtökin hér að ofan og í þeirri merkingu sem hér hefur verið skýrð, enda er það í samræmi við Evrópustaðal EN13809:2003 og hefur sú skilgreining jafnframt verið tekin í notkun af Leiðsögn – stéttarfélagi leiðsögumanna og SAF og staðfest við gerð síðustu kjarasamninga.

11. Eftirlit með faglegri menntun og hæfi til starfa

Í skipunarbréfi starfshópsins er honum ætlað að líta til reglugerðar um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa. Markmið þeirrar reglugerðar 477/2020 er svohljóðandi: „*Einstaklingi, sem hefur aflað sér faglegrar menntunar og hæfis til starfs í einu af aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða Sviss, er heimilt að stunda það starf hér á landi með sömu réttindum og skyldum og íslenskir þegnar. Sækja þarf um viðurkenningu til að gegna starfi til hlutaðeigandi stjórnvalds hér á landi. Við afgreiðslu umsóknar skal gengið úr skugga um að fagleg menntun og hæfi umsækjanda uppfylli skilyrði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB.*“

Reglugerð um starfsmenntun leiðsögumanna hefur ekki verið til síðan reglugerð um starfsmenntun leiðsögumanna ferðafólks 130/1981, ásamt breytingu með reglugerð 308/1990, var felld úr gildi með reglugerð 885/2005.

Reglugerðir 130/1981 og reglugerð 308/1990 voru vissulega börn síns tíma, en með þeim var þó reynt að gera grein fyrir hvernig menntun almennrar leiðsagnar skyldi háttáð, í því skyni að tryggja gæði leiðsagnar og öryggi ferðamanna og starfsmanna í ferðapjónustu. Sú hugsun er því ekki ný hér á landi, þótt reglugerðin sem slík hafi verið felld úr gildi árið 2005, án þess að sambærilegur vísir að tryggingu gæða- og neytendaverndar hafi komið í staðinn.

Eins og fram hefur komið í þessari skýrslu, má leiða að því sterk rök að mikilvægt sé að tryggja öryggi og gæði í íslenskri ferðapjónustu og að menntun og hæfi starfsmanna séu tryggð. En til að hægt sé að tryggja gæði þarf að gera ákveðnar kröfur og einnig þarf að vera til staðar virkt eftirlit. Í gegnum tíðina hefur slíkt eftirlit með leiðsögumönnum ekki verið til staðar og enginn aðili með það skilgreinda hlutverk. Þegar ferðapjónustan óx jafn hratt og raunin varð á síðasta áratug fór ekki hjá því að það bitnaði að sumu leyti á gæðum og neytendavernd.

Það er álit starfshópsins að eftirlit með faglegri menntun og hæfi til að starfa við leiðsögn þurfi að vera til staðar, einkum þegar veita skal sérhæfða leiðsögn innan ákveðinna svæða s.s. þjóðgarða og friðlýstra svæða sem og við áhættumeiri leiðsögn. Þegar kemur að eftirliti með þeim sem stunda leiðsögn leggur starfshópurinn til að horft verði til fyrirkomulags sem er við lýði á Nýja Sjálandi. Til að fá að starfa þar við leiðsögn innan þjóðgarða og friðlýstra svæða þarf að sýna fram á viðeigandi menntun og þjálfun í leiðsögn. Sú krafa hefur komið fram hjá leiðsögumönnum hér á landi að starf þeirra hljóti löggildingu eða lögvernd m.a. til að tryggja sem best gæði og þekkingu á staðháttum. Hingað til hefur ekki verið hljómgrunnur hjá löggjafanum til að verða við þeim óskum.

Tillaga starfshópsins

Tillaga: Eftirlit með hæfi til starfa. Tillaga starfshópsins er sú að til að geta annast leiðsögn innan þjóðgarða eða friðlýstra svæða (friðlanda) þurfi leiðsögumenn að hafa viðurkenningu

frá þjóðgarði. Viðurkenningin skal byggja á atvinnustefnu viðkomandi þjóðgarðs en jafnframt hafa gildi í öðrum þjóðgörðum sem og á friðlýstum svæðum hér á landi. Til grundvallar þeirri viðurkenningu, lægi fyrir staðfesting á að viðkomandi leiðsögumaður hafi lokið námi í almennri leiðsögn, sem tæki þá eðlilega mið af staðlinum ÍST EN 15565:2008 ásamt þeim viðbótum sem gerðar eru hér tillögur um, eða hafi lokið námi í sérhæfðri leiðsögn. (Sjá tillögur nr. 1 og 7). Sé um leiðsögumenn að ræða sem stundað hafa nám sitt erlendis er bent á tillögu nr. 6.

Starfshópnum er kunnugt um að nú er í gangi vinna við gerð atvinnustefnu innan þjóðgarða og vonast starfshópurinn til að samræmis sé gætt við þessa tillögu og að þar verði ákvæði um að eingöngu leiðsögumenn með viðurkennda leiðsögumenntun geti starfað innan þjóðgarða og friðlýstra svæða. (sjá tillögu nr. 1, 6 og 7).

Viðaukar

1. Skipunarbréf



Eliás Bjarni Gíslason
Brekki 12
603 Akureyri

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skólagoða 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 17. nóvember 2020

Tilv.: ANR20100196/02.03.03

Efni: Skipun formanns í starfshóp um menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp um menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna. Starfshópnum er ætlað að skoða hvort og þá hvernig hægt er að styrkja og efla menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna með áherslu á neytendavernd, náttúruvernd og öryggi. Hann skal líta til erlendra fyrirmýnda, s.s. frá Nýja-Sjálandi, við mótun mögulegra tillagna um mismunandi kröfur til mismunandi gerðar leiðsagnar og leggja evrópska staðla um leiðsögunám og hæfi í tungumálum, sem og reglugerð um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa, til grundvallar í starfi sínu.

Í starfshópnum sitja einn fulltrúi Ferðamálastofu, sem er jafnframt formaður hópsins, einn fulltrúi Hæfniseturs ferðaþjónustunnar, einn fulltrúi Leiðsagnar - stéttarfélags leiðsögumanna, einn fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis, einn fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar og einn fulltrúi umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

Þér eruð hér með skipaður formaður starfshópsins.

Starfshópurinn er þannig skipaður:

Aðalmenn:

Eliás Bjarni Gíslason, formaður, Brekki 12, 603 Akureyri, tilnefndur af Ferðamálastofu, elias@ferdamalastofa.is

Sigrún Kristín Magnúsdóttir, Reynihvammi 25, 200 Kópavogur, tilnefnd af Hæfnissetri ferðaþjónustunnar, sigrunkri@frae.is

Jakob S. Jónsson, Stakkholt 2b, 105 Reykjavík, tilnefndur af Leiðsögn - stéttarfélagi leiðsögumanna, jakob.jonsson@gmail.com

María Þ. Guðfinnsdóttir, Tjarnargata 39, 101 Reykjavík, tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðuneyti, maria.gudfinnsdottir@mrn.is

Arnar Már Ólafsson, Erluhraun 2b, 220 Hafnarfjörður, tilnefndur af Samtökum ferðaþjónustunnar, arnar@mountainguides.is

Kristín Ósk Jónasdóttir, Sundstræti 32, 400 Ísafirði, tilnefnd af umhverfis- og auðlindaráðuneyti, kristin.jonasdottir@umhverfisstofnun.is

Varamenn:

Haukur Harðarson, Næfurási 15, 110 Reykjavík, tilnefndur af Hæfnissetri Ferðaþjónustunnar,

haukur@frae.is

Pétur Gauti Valgeirsson, Borgarholtsbraut 73, 200 Kópavogur, tilnefndur af Leiðsögn - stéttarfélagi leiðsögumanna, pgv@simnet.is

Ásdís Dögg Ómarsdóttir, Strýtusel 7, 109 Reykjavík, tilnefnd af Samtökum ferðaþjónustunnar, asdis@asgardbeyond.is

Guðmundur Ógmundsson, Ási, 671 Kópaskeri, tilnefndur af umhverfis- og auðlindaráðuneyti, guðmundur.ogmundsson@vjp.is

Vakin er athygli á því að formaður starfshóps ber ábyrgð á að halda saman gögnum vegna nefndarstarfsins. Er þar átt við fundarboð, fundargerðir, bréfaskeiði, álitserðir, skýrslur og önnur vinnugögn, eftir því sem við á hverju sinni.

Hópurinn skal skila frumniðurstöðum til ferðamálaráðherra eigi síðar en 15. febrúar 2021 og lokaskýrslu eigi síðar en 15. apríl 2021.

Fyrir hönd ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Sigrún Brynja Einarsdóttir

Helga Halldórsdóttir

2. Viðmælandalisti

14. janúar 2021 **Ingibjörg Smáradóttir og Sigurður Óskar Jónsson** frá Vatnajökulsþjóðgarði fóru yfir drög að matskvarða um takmarkanir á atvinnutengdri starfsemi innan þjóðgarðsins.
- Lilja Ólafsdóttir**, lögræðingur hjá Umhverfisstofnun kynnti lög um náttúruvernd og hlutverk þeirra og hvaða ákvæði eru mikilvæg fyrir menntun leiðsögumanna.
21. janúar 2021 **Jónas Guðmundsson** frá Landsbjörg og **Sveinn K. Rúnarsson**, yfirlögregluþjónn á Suðurlandi fóru yfir öryggi ferðamanna og hvað mætti bæta í þjálfun leiðsögumanna að þeirra mati og samkvæmt þeirra reynslu.
- Helena Karlsdóttir**, lögræðingur og forstöðumaður stjórnsýslu- og umhverfissviðs Ferðamálastofu fjallaði um neytendavernd og hlutverk leiðsögumanna hvað það varðar.
27. janúar 2021 **Haukur Harðarson**, verkefnastjóri Hæfniseturs ferðaþjónustunnar fór yfir röðun starfa eftir hæfniramma.
- Helga María Heiðarsdóttir**, formaður Félags fjallaleiðsögumanna á Íslandi (AIMG) kynnti félagið og námskeiðin sem kennd eru á vegum félagsins.
3. febrúar 2021 **Stefán Gíslason**, umhverfisstjórnunarfræðingur Environice fór yfir sína sýn á sjálfbærniáherslur í námi leiðsögumanna.
- Hulda Mjöll Hauksdóttir og Hugrún Geirsdóttir**, Endurmenntun HÍ
Hvað mætti betur fara í námi leiðsögumanna að mati EHÍ?
Fulltrúar EHÍ afboðuð komu sína á fund starfshópsins með stuttum fyrirvara og svöruðu aldrei boði formannsins um annan fund.
10. febrúar 2021 **Sólveig V. Sveinbjörnsdóttir**, verkefnastjóri fjallaleiðsögunám FAS.
Yfirferð yfir námið hjá FAS og hvað mætti betur fara að þeirra mati.
- Kristín Hrönn Þráinsdóttir**, fagstjóri leiðsögunáms í Menntaskólanum í Kópavogi fór yfir hvað mætti betur fara í námi leiðsögumanna að mati MK.
17. febrúar 2021 **Arnar Hafsteinsson, Arnbjörn Ólafsson og Þórir Erlingsson** fóru yfir leiðsögunám í ævintýraferðamennsku hjá Keili.
24. febrúar 2021 **Friðjón Sæmundsson** hjá Ferðamálastofnu Íslands fór yfir leiðsögunám skólans.
- Ragnhildur B. Bolladóttir**, verkefnastjóri rafrænnar ferlibókar hjá Menntamálastofnun, fór yfir hæfnikröfur, starfalýsingar og ferlibók.
10. mars 2021 **Hulda Anna Arnljótsdóttir**, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu fór yfir fagbréf og fleira.

3. Dæmi erlendis frá

Samkvæmt skipunarbréfi starfshópsins var hópnum uppálagt að leita fyrirmynda erlendis frá. Leitað var fanga nokkuð víða, sérstök áhersla var lögð á að leita upplýsinga frá löndum sem byggja sína ferðaþjónustu á svipuðum aðstæðum og eru hér á landi. Þá var einnig leitað til frænda vorra á Norðurlöndum þar sem löggjöf okkar og menning svipar mikið til.

Skotland

Dags.: 7. jan. 2021



Scottish Tourist
Guides Association

Efni: Leiðsögumenn, fundur með Skotum

Viðmælendur: Linda Arthur, Scottish Tourist Guide Association (STGA) Chair of the Board of the Directors
Patricia Blain, Scottish Tourist Guide Association (STGA), Training manager.

- Starf leiðsögumanna er ekki með löggildingu og það er ekki vilji á meðal félagsmanna í STGA að starfið öðlist löggildingu. Eru hræddir við að tapa sjálfstæðinu og áhrifunum um hvernig námið og starfið þróist.
- Grunnurinn í náminu er Evrópustaðallinn um menntun leiðsögumanna EN 15565:2008 en síðan er bætt við grunnfögum í viðskiptum. Umhverfis- og sjálfbærnimál sem og svæðisbundin menning fá einnig aukið vægi.
- Námið er 600 klst. (Blue Badge) og skiptist með eftirfarandi hætti:
 - Common subject 180 TU (1 Tu = 60 min)
 - Specific subject 180 TU
 - Practical training 240 TU
- Það er nokkuð um sérhæfingu í leiðsögn í Skotlandi, dæmi um það eru t.d. almenn leiðsögn sem er þá grunnur, borgarleiðsögn, svæðisleiðsögn, fjallaleiðsögn, skíðaleiðsögn, náttúruleiðsögn (meðal villtra dýra).
- Oftar en ekki ná leiðsögumenn sér í sérhæfða menntun áður en þeir fara í almenna leiðsögn.
- STGA er með gagnagrunn um meðlimi þar sem fram kemur menntun, þjálfun og sérhæfing hvers og eins. Þessi grunnur er ekki opin almennungi.
- Aðildargjald í STGA dekkar atvinnuþryggingu fyrir félaga.
- Það er mikið lagt upp úr símenntun félagsmanna eða Continues Professional Developemnet (CPD). Miðað er við að félagsmenn sækji sér sem nemur 40 tímum á ári, þar af eru 20 tímar sem þeir þurfa að færa sönnur fyrir með t.d. viðurkenningum eða öðrum staðfestingum og aðrir 20 tímar með eigin fræðslu með t.d. lestri bóka eða greina, áhorf fræðsluefnis o.fl.

Áhugaverðir tenglar frá Skotlandi:

- Scottish Tourist Guides Association
 - <https://www.stga.co.uk/stga-tourist-guide-qualifications>

- Red Cross First Aid
 - <https://www.redcrossfirstaidtraining.co.uk/where-we-train/#>
- ST Johns Ambulance First Aid Training
 - <https://www.sja.org.uk/courses/workplace-first-aid/>
- British Association of Ski Patrollers
 - <https://www.basp.org.uk/>
- Mountain Training
 - <https://www.mountain-training.org/find-a-course>
- Sport Scotland Glenmore Lodge
 - <https://www.glenmorelodge.org.uk/summer-rock-mountain/qualifications/>
- Kayaking Leadership
 - <https://www.seakayakplockton.co.uk/qualification-training/>
- British Canoeing
 - <https://wildriver.co.uk/index.html>
- Paddles Up
 - <https://paddlesuptraining.com/courses/>
- BHPA British Hand Gliding and Paragliding Association
 - <https://appippg.org/?-PPG-Courses->

Dags: Janúar 2021



Efni: Menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna
– minnispunktar frá Nýja Sjálandi.

Viðmælandi: Ray Salter yferráðgjafi hjá TRC (Tourism – Recreation – Conservation) Nýja Sjálandi

-
- Starf leiðsögumanna er ekki með löggildingu á Nýja Sjálandi og í raun þarf enga menntun eða þjálfun til að starfa sem almennur leiðsögumaður.
 - Til að öðlast réttindi almenns leiðsögunna á Nýja Sjálandi þarf að hafa almenna grunnskólamenntun, ekki er krafist annarskonar menntunar eða þjálfunar nema ef starfið krefst aksturs bifreiða þá þarf almennt ökuþróf.
 - Þjálfunin fer að mestu fram hjá vinnuveitendum, síðan þarf að sækja námskeið (Service IQ) sem viðurkennd eru af nýsköpunar- og atvinnuvegaráðuneyti NS (Ministry of Business Innovation and Employment).
 - Til að stunda leiðsögn innan þjóðgarða eða friðlýstra svæða þarf að vera með viðurkennda menntun sem leiðsögumaður.
 - Menntun og þjálfun fjallaleiðsögumanna á sér langa hefð á Nýja Sjálandi og í dag er hægt að sækja sér menntun í sjö mismunandi greinum sem tengdar eru fjallamennsku; fjallaleiðsögn (alpine trekking), jöklaleiðsögn (glacier guiding), þýlu-skíði (heli-skiing), ísklifur (ice climbing), fjallamennska (mountaineering), klettklifur (rock climbing) og skíðaferðir (ski touring). Frumkvöðlar í íslenskri fjallamennsku sóttu að hluta til sína þekkingu til leiðsögumanna á Nýja Sjálandi og Vakinn, gæða og umhverfivottun ferðaþjónustunnar á Íslandi á sér sína fyrirmynd þar einnig, sem er Qualmark.
 - Samkvæmt Ray Salter hefur megináherslan í þjálfun leiðsögumanna á Nýja Sjálandi verið á öryggi. Samtök fjallaleiðsögumanna í landinu voru stofnuð árið 1973. Árið 2003 eru stofnuð samtök menntaðra leiðsögumanna (ProGuides New Zealand). Þessi samtök hafa aðallega náð til leiðsögumanna sem stunda almenna leiðsögn.

Tenglar:

<https://www.proguides.co.nz/>

<https://mountainguides.org.nz/about/history-of-new-zealand-guiding/>

<https://nzrrp.activecv.co.nz/>

<https://occupationoutlook.mbie.govt.nz/service-industries/tour-guides/>

<https://www.serviceiq.org.nz/training/tourism/tourism-programmes/>

Dags: Febrúar 2021

Efni: Menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna – minnisþingur frá Noregi.

Viðmælandi: Kristian Bredby, formaður norsku leiðsögumannasamtakanna - The Norwegian Guide federation.

-
- Í Noregi er talsvert gert út á staðbundna eða svæðisbundna leiðsögn á tilteknum svæðum eða borgum, sem dæmi má nefna Bergen en þangað kemur t.a.m. talsverður fjöldi skemmtiferðaskipa á hverju ári.
 - Sjá www.guideskolen.no sem rekinn er af BergenByExpert, leiðandi ferða-og leiðsögufyrirtæki. Leiðsögumenn sem klára þann skóla eða þau námskeið fá skírteini sem „viðurkenndir“ leiðsögumenn á Bergenssvæðinu (authorised Bergen guide).
 - Svæðisbundið leiðsögunám í Noregi er á framhaldsskólastigi. Fjórtán leiðsögumannafélög um landið allt skipuleggja leiðsögumannanámskeið á sínum svæðum. Norsku leiðsögumannasamtökin (The Norwegian Guide Association – Norges Guideforbund) setja fram „aðalnámskrá“ um meginkröfur og inntak námsins (áætlun um menntun og hæfni) og af henni skulu svæðisbundnu námskeiðin taka mið. Tengiliðir á hverju svæði sjá til þess að námskránni sé fylgt. Norsku leiðsögumannasamtökin skipuleggja einnig netnámskeið þar sem bóklega námið er það sama og á hefðbundnum námskeiðum, en verkleg þjálfun er svæðisbundin. Próf eru skipulögð á hverju svæði fyrir sig, oft í samvinnu við aðra ferðaþjónustu eða menntastofnanir á svæðinu.
 - Í kjölfarið fá menn svæðisskírteini. (Viðurkenndur leiðsögumaður á tilteknu svæði).
 - Flest námskeið hefjast yfirleitt að hausti og er lokið að vori með skriflegu og verklegu prófi.
 - Starf samtakanna er að tryggja fagmennsku í greininni.
 - Sjá nánar á vef samtakanna: www.norgesguideforbund.no
 - Ekkert formlegt skírteini eða viðurkenning er fyrir leiðsögn í þjóðgördum eða náttúruverndarsvæðum en Norðmenn benda á að til sé alþjóðlegt skírteini fyrir þá sem starfa í fjallaleiðsögn.
 - Í Noregi eru til samtök fjallaleiðsögumanna (Nortind) sem eru meðlimir í alþjóðasamtökum fjallaleiðsögumanna. NORTIND veitir fjallaleiðsögumönnum réttindi samkvæmt alþjóðlegum stöðlum IFMGA og ber ábyrgð á skipulagningu, frekari fræðslu og endurmenntun fjallaleiðsögumanna í Noregi. Á vefsíðu þeirra má sjá lista yfir viðurkennda fjallaleiðsögumenn. Sjá: <http://www.nortind.no/en/>
 - Í Noregi er hægt að sækja sér menntun í ævintýraleiðsögn og er það eins árs nám á háskólastigi. Sjá Arctic Nature Guide, The Arctic University of Norway. https://en.uit.no/education/program/345066/arctic_nature_guide_-_one_year_programme

Austurríki

Dags: Janúar 2021

Efni: Menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna – minnispunktar frá Austurríki.



Viðmælandi: Helmut Kronika framkvæmdastjóri BEST Institute of Continuous Vocational Qualification Training and Personal Training Ltd.

-
- Námið byggir á EN 15565:2008 staðlinum, kennslustundirnar eru frá 600 – 900.
 - Starf leiðsögumanna er með löggildingu í Austurríki.
 - Fjallaleiðsögn á sér langa hefð í Austurríki sem og í öðrum löndum sem tengjast Ölpunum. International Federation of Mountain Guides Association IFMGA var stofnað af fjallaleiðsögumönnum frá Austurríki, Frakkland, Sviss og Ítalíu árið 1965.
 - Til að öðlast fullgild réttindi sem fjallaleiðsögumaður í Austurríki þarf að undirgangast þriggja ára þjálfun, bæði í verklegu og bóklegu námi.
 - Til að viðhalda réttindum sem fjallaleiðsögumaður er lögð mikil áhersla á símenntun.
 - Austriaguides viðheldur gagnabanka eða lista yfir leiðsögumenn þar sem fram kemur hver sérhæfing hvers og eins er.

Tenglar:

<https://www.wko.at/branchen/vbg/tourismus-freizeitwirtschaft/Austria-Guides---Fremdenfuehrer.html>

https://www.wko.at/site/Austria_Guides/start.html?shorturl=austriaguidesat

<https://www.findaguide.at/>



Dags.: Febrúar 2021

Efni: Menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna – minnisþing frá Danmörku.

Viðmælandi: Heidi Klintemøller Hansen, formanni samtaka viðurkenndra leiðsögumanna (The Association of Qualified Tourist Guides).

-
- Í Danmörku getur nánast hver sem er kallað sig leiðsögumann.
 - Danmörk er ekki land reglna og eftirlits (non-regulated country) eins og Heidi orðaði það og þar eru í raun engar menntunarkröfur gerðar og það þarf ekki leyfi eða sérstakt samþykki til að geta kallað sig leiðsögumann.
 - Meðlimir samtaka leiðsögumanna í Danmörku starfa fyrst og fremst í Kaupmannahöfn, sem hafði hér áður einhvers konar leyfiskerfi þar sem lögreglustjórinn veitti leyfið, en það á ekki við lengur, löngu úrelt kerfi.
 - Allir meðlimir samtakanna eru hinsvegar með prófgráðu frá háskólanum í Roskilde og er það eini skólinn sem býður upp á leiðsögunám á háskólastigi.
 - Einnig eru í boði styttri námskeið hjá einkaaðilum eða iðnskólum en það er ekki hægt að leggja þau að jöfnu við það nám sem er kennt í Roskilde. Titillinn „turistfører“ getur aðeins verið notaður af þeim sem hafa lokið diplomanáminu í Roskilde en samt, eins og áður hefur verið sagt, getur hver sem er kallað sig leiðsögumann.
 - Leiðsögumaður (tourist guide) er opinber þýðing á turistfører samkvæmt evrópska staðlinum EN 13809:2003. Þar er að finna ýmsar skilgreiningar á hugtökum í ferðaþjónustu m.a. muninn á leiðsögumanni og fararstjóra.
 - Notkun á orðunum viðurkenndur eða hæfur er örlítið snúin.
 - Danir fylgja hugtökum sem FEG og WFTGA nota þar sem sá sem er hæfur eða viðurkenndur hefur staðist próf sem er í samræmi við kröfur Evrópustaðalsins EN15565:2008.
 - Þar sem diploma gráðan frá Roskilde uppfyllir kröfur staðalsins og gott betur, og er þar að auki háskóladiplóma, er notað viðurkenndur/hæfur (qualified) í staðinn fyrir authorised eða licensed. Heidi finnst hæpið að nota viðurkenndur/hæfur yfir þá sem lokið hafa þriggja vikna námskeiði. Heidi sagðist þó ekki vita um neinn sem notar þessi hugtök viðurkenning/hæfni án þess að hafa lokið námi frá Háskólanum í Roskilde.
 - Aðeins þeir sem hafa lokið diplomanáminu frá Roskilde geta gerst meðlimir í félagi danskra leiðsögumanna. Nemendum verður boðin nemendaaðild á meðan á námi stendur frá og með ágúst 2021.
 - Til að geta gerst meðlimur í samtökunum þarf viðkomandi leiðsögumaður að standast tungumálapróf á C1 stigi samkvæmt evrópska tungumálarammanum eða hafa tungumálið sem hann ætlar sér að leiðsegja á að móðurmáli.
 - Aðeins meðlimir félagsins geta notað merki félagsins sem er skráð merki hjá dönsku einkaleyfastofunni. Sjá merki efst á síðunni.
 - Finna má listi yfir viðurkennda leiðsögumenn í Danmörku á vef félagsins <https://guides.dk/>
 - Samtökin eru meðlimir í World Federation of Tourist Guide Associations

Samanburður á menntun leiðsögumanna í Evrópu

Hér að neðan er að finna töflu með samantekt og samanburði á menntun og þjálfun leiðsögumanna víðsvegar í Evrópu. Þó svo að taflan sé frá árinu 2015 gefur hún nokkuð góða mynd af uppbyggingu og skipulagi menntunar í hverju landi fyrir sig.

**COMPARATIVE TABLE OF TRAINING SYSTEMS & QUALIFICATIONS
FOR TOURIST GUIDES IN THEIR COUNTRIES/AREAS/CITIES IN EUROPE**

COUNTRY	REGULATED BY LAW	TRAINING EXISTENCE	TRAINING HOURS	NATIONAL TRAINING	REGIONAL TRAINING	EXAMS	QUALIFICATION AWARD	TRAINING PROVIDER/S	ACCREDITING AUTHORITY/BODY
AUSTRIA	YES	YES COMPULSORY	~ 500-900 h	YES	YES	YES, COMPULSORY	CERTIFICATE	WIFI BFI	CHAMBER OF COMMERCE
BULGARIA	NO	NO	-	-	-	-	I.D. BADGE		TOURIST GUIDE ASSOCIATION
CROATIA	YES	NO	-	YES	-	YES- COMPULSORY	CERTIFICATE		TOURISM MINISTRY
CZECH REPUBLIC	NO	YES, NON- COMPULSORY + LONG DISTANCE	200-600 h	YES	YES	YES	CERTIFICATE		• MINISTRY OF EDUCATION- VOCATIONAL • MINISTRY OF REGIONAL DEVELOPMENT- LIFE-LONG
CYPRUS	YES	YES- COMPULSORY	693 h	YES	-	YES, COMPULSORY	DIPLOMA & I.D. BADGE		CYPRUS TOURISM ORGANISATION
DENMARK	NO	YES, NON- COMPULSORY	60 ETCS 1 YEAR FULL TIME 2 YEARS PART TIME	YES	NO	YES	DIPLOMA	UNIVERSITY ROSKILDE (RUC)	UNIVERSITY ROSKILDE (RUC)

FINLAND	NO	YES, NON- COMPULSORY	1.5 YEARS, 900-1000 HOURS	YES	YES	YES, COMPULSORY	CERTIFICATE, ID- BADGE, BADGE	TRAINING INSTITUTES	TOURIST GUIDE ASSOCIATION
FRANCE	YES	YES COMPULSORY	300 h FOR LICENSE + 400 h TRAINING +150 HOURS MASTER (BACCALAUREAT + 5)	YES	YES NO (FROM 2012)	YES	DIPLOMA		• DIPLOMA BY UNIVERSITIES OF FRANCE • I.D. PROFESSIONAL CARD BY PREFECTURES (MINISTRY OF INTERIOR)
GEORGIA	NO	YES, NON- COMPULSORY	LEVELS FROM 5 DAYS – 2 MONTHS	-	YES	YES	I.D. BADGE		• NATIONAL TOURISM BOARD • PRIVATE TOURIST GUIDE SCHOOLS
GERMANY	NO	YES, NON- COMPULSORY	600 h	YES	YES	YES	CERTIFICATE GIVEN LOCALLY, BY 215 LOCAL ASSOCIATIONS		TOURIST GUIDE ASSOCIATIONS

COUNTRY	REGULATED BY LAW	TRAINING EXISTANCE	TRAINING HOURS	NATIONAL TRAINING	REGIONAL TRAINING	EXAMS	QUALIFICATION AWARD	TRAINING PROVIDER/S	ACCREDITING AUTHORITY/BODY
GREECE	YES	YES, COMPULSORY	1.090 h + 110 FULL DAYS OF FIELD TRIPS IN GREECE OR UNIVERSITY DEGREE IN ARCHAEOLOGY/HISTORY + 150 h FOREIGN TRAINING COURSE	YES	-	YES, COMPULSORY	DIPLOMA & I.D. BADGE	SCHOOLS OF TOURIST GUIDES (TOURISM EDUCATION & TRAINING ORGANISATION-MINISTRY OF TOURISM) OR VARIOUS GREEK UNIVERSITIES	MINISTRY OF TOURISM, SECRETARIAT GENERAL OF TOURISM
HUNGARY	YES	YES, COMPULSORY	1) SCHOOL TOURIST GUIDES= 18 MONTHS 2) ADULT EDUCATION = 130 HOURS =6 MONTHS + 300 h LONG DISTANCE LEARNING	YES	-	YES	CERTIFICATE		• VOCATIONAL TRAINING INSTITUTIONS • NATIONAL TRADE LICENSE OFFICE

COUNTRY	REGULATED BY LAW	TRAINING EXISTANCE	TRAINING HOURS	NATIONAL TRAINING	REGIONAL TRAINING	EXAMS	QUALIFICATION AWARD	TRAINING PROVIDER/S	ACCREDITING AUTHORITY/BODY
ICELAND	NO	YES, NON-COMPULSORY	?	YES	-	YES	CERTIFICATE & I.D. BADGE		TOURIST GUIDE ASSOCIATION
IRELAND	NO	YES, NON-COMPULSORY	200 h in class + 400 h distance learning (6 months)	YES	YES	YES	CERTIFICATE & I.D. BADGE	PORTOBELLO COLLEGE, DUBLIN	NATIONAL TOURISM DEVELOPMENT AUTHORITY (FAILTE IRELAND)
ITALY	YES	YES, IN SOME REGIONS, NON-COMPULSORY	-	-	YES	YES, COMPULSORY	CERTIFICATE & I.D. BADGE		REGIONAL TOURISM AUTHORITIES
LUXEMBURG	YES	YES, NON-COMPULSORY	BASIC 40 HOURS + REGIONAL (? HOURS)	YES	YES	YES, COMPULSORY	DIPLOMA		• CHAMBER OF COMMERCE • MINISTRY OF TOURISM • MINISTRY OF CULTURE • REGIONAL OFFICES
NETHERLANDS	NO	YES, NON-COMPULSORY	600 h (15 MONTHS)	YES	-	YES	CERTIFICATE + BADGE		TOURIST GUIDE ASSOCIATION (GUIDOR)
PORTUGAL	NO	YES, NON-COMPULSORY	3 YEARS = 6 SEMESTERS = 165 ECTS	YES	YES	YES, NON-COMPULSORY	DIPLOMA & I.D. BADGE		UNIVERSITIES OF PORTUGAL

COUNTRY	REGULATED BY LAW	TRAINING EXISTANCE	TRAINING HOURS	NATIONAL TRAINING	REGIONAL TRAINING	EXAMS	QUALIFICATION AWARD	TRAINING PROVIDER/S	ACCREDITING AUTHORITY/BODY
RUSSIA	YES BY REGIONAL LAW	YES, COMPULSORY	700 h INITIAL FOR 3 YEARS	NO	YES	YES, COMPULSORY	I.D. QUALIFICATION CARD	GUIDES TRAINING CENTER, MOSCOW	REGIONAL COMMITTEES FOR TOURISM
SCOTLAND	NO	YES, NON-COMPULSORY	LEVEL 1. BLUE BADGE (SCOTLAND) = 1.000 h LEVEL 2. GREEN BADGE (REGIONAL) = 240 h LEVEL 3. YELLOW BADGE (SITE) = 70 h	YES	YES	YES	CERTIFICATE & I.D. BADGE		-TRAINING BY STGA -ACCREDITATION BY WTGA
SERBIA	YES	NO	-	YES	IN SOME CITIES + REGIONS	YES, COMPULSORY ON NATIONAL LEVEL	DIPLOMA + I.D. LICENSE		MINISTRY OF ECONOMICS & REGIONAL DEVELOPMENT, TOURISM SECTOR
SLOVENIA	YES	YES, NON-COMPULSORY	40 h	YES	-	YES	I.D. LICENSE		CHAMBER OF TOURISM

COUNTRY	REGULATED BY LAW	TRAINING EXISTANCE	TRAINING HOURS	NATIONAL TRAINING	REGIONAL TRAINING	EXAMS	QUALIFICATION AWARD	TRAINING PROVIDER/S	ACCREDITING AUTHORITY/BODY
SPAIN	YES, IN MOST REGIONS	YES, NON-COMPULSORY	690 h	-	YES	YES COMPULSORY, IN MOST REGIONS	DIPLOMA & I.D. BADGE		AUTONOMOUS SPANISH COMMUNITIES
SWEDEN	NO	YES, NON-COMPULSORY	200 h	YES	YES	YES	I.D. BADGE		TOURIST GUIDE ASSOCIATION (SVEGUIDE)
TURKEY	YES	YES	1.200 h	YES	-	YES	DIPLOMA & LICENSE		MINISTRY OF CULTURE & TOURISM
UK	NO	YES, NON-COMPULSORY	LEVEL 1. (BLUE BADGE, FOR UK) = 600 h LEVEL 2. (GREEN BADGE, REGIONAL) = 240 h	YES	YES	YES	I.D. BADGE		-INSTITUTE OF TOURIST GUIDING -COLLEGES -PRIVATE UNIVERSITIES - TOURIST GUIDE ASSOCIATIONS

European Federation of Tourist Guide Associations (FEG) Sources – Updated November 2015

4. Ítarefni

- a. The Scottish Tourist Guides Association , *endurmenntunarprógram*
<https://www.stga.co.uk/about-stga/continuing-professional-development>.
- b. *European Union's Lifelong Learning Programme „Leonardo da Vinci“ T-guide.*
<https://www.t-guide.eu/?i=t-guide>
- c. *European Federation of Tourist Guide Association*
<https://www.feg-touristguides.com>
- d. „Menntun og starfsundirbúningur leiðsögumanna á Íslandi“, greinargerð starfshóps Leiðsagnar frá 2018.
- e. „Hlutverk leiðsögumanna og framlag þeirra til náttúruverndar“ rannsóknarskýrsla Önnu Vilborgar Einarsdóttur frá 2017.
- f. „Mismunandi menningarheimar“, eftir Áslaugu Briem, 2011.
<https://www.vakinn.is/static/files/pdf/Hjalpargoagn/vakinn-mismunandi-menningaheimar-13-feb-2012.pdf>
- g. *Alþjóðlegar siðareglur UNWTO fyrir ferðaþjónustu.*
<https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/global-code-of-ethics-for-tourism-is-vefpdf>